# Barnaheill - Save the Children á Íslandi

## Ársreikningur
## 2019

Barnaheill - Save the Children á Íslandi
Fákafeni 9
108 Reykjavík
Kt: 521089-1059

**Óendurskoðaður ársreikningur**

# Efnisyfirlit

Ársreikningur 2019


| | | | |
|---|---|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn ............. | 3 | Efnahagsreikningur ..................................................... | 7 |
| Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna ................... | 5 | Sjóðstreymi ................................................................ | 8 |
| Rekstrarreikningur ...................................................... | 6 | Skýringar .................................................................. | 9 |

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur 2019

Barnaheill – Save the Children á Íslandi voru stofnuð hér á landi árið 1989. Tilgangur Barnaheilla er að stuðla að heimi þar sem sérhvert barn fær uppfylltan rétt sinn til lífs, verndar, þroska og áhrifa í samfélaginu. Barnaheill stuðla að bættri meðferð á börnum og vinna að því að ná fram varanlegum breytingum til batnaðar á högum þeirra.

Til að stuðla að framgangi þeirra verkefna sem Barnaheill vinna að, beita þau sér fyrir fjáröflun jafnframt því sem þau styðja rannsóknir, forvarnir, menntun og útgáfustarfsemi. Barnaheill vinna á grundvelli samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálans, og hafa hann að leiðarljósi í starfi sínu. Barnaheill taka þátt í starfsemi Save the Children International og vinna með hliðstæðum samtökum erlendis.

Við gerð ársreiknings er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að undanskyldri eign í eignastýringu fjármálafyrirtækja sem færð er á markaðsvirði.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2019 að fjárhæð 2,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 56,1 milljónir samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um breytingar á eiginfjárreikningum

Á aðalfundum Barnaheilla og Blátt áfram í maí tóku stjórnir samtakanna þá ákvörðun að sameina þau undir nafni Barnaheilla frá og með 1. júní. Öll starfsemi Barnaheilla flutti í Fákafen 9 síðar í mánuðinum. Unnið var að því til ársloka að ganga frá samrunanum að fullu og gefur ársreikningur þessi heildarmynd af rekstri samrunninna samtaka.

Að öðru leiti var starfsemi Barnaheilla að mestu með hefðbundnum hætti. Samtökin tóku þátt í alþjóðlegu afmælisátaki, Stop the War on Children eða Stöðvum stríð gegn börnum og söfnuðu þar fé til stuðnings börnum sem búa við stríðsátök. Bróðurparturinn af söfnuninni var í lok árs og voru því þeir fjármunir sem söfnuðust sendir út á árinu 2020. Fjölgun Heillavina á árinu var töluverð, bæði í gegnum söfnunarátök sem og með viðbót mánaðarlegra styrktaraðila Blátt áfram. Alls hækkuðu tekjur af mánaðarlegum styrktaraðilum um 13 % frá árinu 2018.

Hjá samtökunum störfuðu í árslok 9 fastráðnir starfsmenn í rúmlega 7 starfsgildum en meginhluta ársins voru starfgildin í heildina ívið meiri vegna tímabundinna verkefna. Laun og launatengd göld samtakanna á árinu námu alls kr. 67,5 millj. kr..

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Barnaheilla koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31. desember 2019, afkomu árið 2019 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Barnaheilla staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík,            apríl 2020

Í stjórn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi:

Harpa Rut Hilmarsdóttir          Elísa R. Ingólfsdóttir          Anni Haugen

Brynja Dan Gunnarsdóttir          Elísabet Guðmundsdóttir

Gná Guðjónsdóttir          Páll Valur Björnsson

Framkvæmdastjóri:

Erna Reynisdóttir

# Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna

Ársreikningur 2019

Til stjórnar og félagsmanna Barnaheilla - Save the Children á Íslandi.

**Inngangur**

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Barnaheilla - Save the Children á Íslandi fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

**Umfang**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun á reikningsskilum. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og framkvæma könnun til að öðlast hæfilega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Könnun takmarkast fyrst og fremst við fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og veitir þar af leiðandi ekki minni fullvissu en endurskoðun. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum þar af leiðandi ekki í ljós álit um endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Barnaheilla - Save the Children á Íslandi á árinu 2019, efnahag þann 31. desember 2019 og yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, apríl 2020

***APaL ehf.***

**Áritun skoðunarmanna**

Við undirritaðir skoðunarmenn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi höfum yfirfarið ársreikninginn og í því sambandi kannað bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Reykjavík, apríl 2020

Helga Jónasdóttir Þórður Þórkelsson

# Rekstrarreikningur 2019

Ársreikningur 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Heillavinir og félagsgjöld | | 63.582.124 | 56.288.130 |
| Fjáröflun | 15 | 21.920.701 | 15.448.612 |
| Framlög til verkefna | 16 | 25.861.127 | 11.079.510 |
| Opinber framlög | 17 | 52.683.320 | 34.925.000 |
| Erlendir styrkir | 18 | 5.118.215 | 2.687.484 |
| Aðrar tekjur | 19 | 588.483 | 534.882 |
| | 5 | 169.753.970 | 120.963.618 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Innlend verkefni og starfsemi | 21 | 66.414.582 | 49.119.774 |
| Erlend verkefni | 22 | 60.183.050 | 32.840.830 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 23 | 21.085.646 | 16.685.301 |
| Kynningar og fjáröflun | 24 | 25.588.743 | 23.177.767 |
| Afskriftir | 10, 27 | 1.165.834 | 125.000 |
| | | 174.437.855 | 121.948.672 |
| Afkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | ( 4.683.885) | ( 985.054) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | 25 | 2.772.376 | 1.745.590 |
| Fjármagnsgjöld | 26 | ( 251.825) | ( 137.664) |
| | | 2.520.551 | 1.607.926 |
| **(Tap) hagnaður ársins** | | ( 2.163.334) | 622.872 |

Skýringar á blaðsíðu 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Ársreikningur 2019

## Eignir

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Langtímaeignir:** | | | |
| Fasteign | | 6.259.500 | 6.259.500 |
| Aðrir rekstrarfjármunir | | 2.897.101 | 182.475 |
| Fræðsluefni | | 5.103.745 | 0 |
| Langtímaeignir samtals | 9, 27 | 14.260.346 | 6.441.975 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 11 | 7.621.674 | 5.067.690 |
| Viðskiptakröfur | 12 | 8.266.269 | 3.860.072 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur | | 0 | 840.895 |
| Handbært fé | 13 | 60.787.858 | 40.289.134 |
| | | 76.675.801 | 50.057.791 |
| **Eignir samtals** | | 90.936.147 | 56.499.766 |
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 56.108.843 | 53.503.934 |
| | 28 | 56.108.843 | 53.503.934 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir erlend verkefni | | 24.632.281 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 10.195.023 | 2.995.832 |
| | | 34.827.304 | 2.995.832 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 90.936.147 | 56.499.766 |

Skýringar á blaðsíðu 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

# Yfirlit um sjóðstreymi 2019

Ársreikningur 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarafkoma | | ( 2.163.334) | 622.872 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 27 | 1.165.834 | 125.000 |
| Veltufé (til) frá rekstri | | ( 997.500) | 747.872 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, hækkun | | ( 2.553.984) | ( 733.002) |
| Skammtímakröfur, hækkun | | ( 3.565.302) | ( 1.190.022) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 25.721.974 | ( 4.990.775) |
| Handbært fé (til) frá rekstri | | 18.605.188 | ( 6.165.927) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 27 | ( 2.228.602) | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 16.376.586 | ( 6.165.927) |
| **Handbært fé Blátt áframs við samruna** | | 4.122.138 | |
| **Handbært fé í upphafi ársins** | | 40.289.134 | 46.455.061 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 60.787.858 | 40.289.134 |

Breytingar á liðum vegna samruna við Blátt áfram 31. maí 2019.

| | |
|---|---|
| Langtímaeignir | 6.755.603 |
| Handbært fé | 4.122.138 |
| Óráðstafað eigið fé | ( 9.398.368) |
| Skammtímaskuldir | ( 1.479.373) |

Skýringar á blaðsíðu 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

# Skýringar



## Reikningsskilaaðferðir

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru íslensk hjálparsamtök sem stofnuð voru árið 1989, heimilisfang þeirra eru að Fákafeni 9, 108 Reykjavík. Samtökin greiða ekki tekjuskatt þar sem verkefnið fellur undir undanþáguákvæði 4.tl.4.gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Samtökin greiða hinsvegar fjármagnstekjuskatt og tryggingagjald.

Hlutverk samtakanna er að standa vörð um mannréttindi barna og vera málsvari þeirra á grundvelli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

***Grundvöllur reikningsskilanna***

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. ***Matsaðferðir***

   Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta við sölu eða innlausn reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

***Áhættustjórnun***

3. Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

4. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valrétttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

***Innlausn tekna***

5. Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af sölu á vörum og styrkjum. Tekjur og vaxtatekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

***Erlendir gjaldmiðlar***

6. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok reikningsskilatímabils. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

***Verðtrygging***

7. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun næsta mánaðar eftir lok reikningsskila. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

***Fjármagnskostnaður***

8. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

***Varanlegir rekstrarfjármunir***

9. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

10. Afskriftir eru reiknaðar út frá áætluðum nýtingartíma eignanna. Stofn afskrifta er kaupverð að frádregnu áætluðu söluverði við lok nýtingar.

***Birgðir***

11. Birgðir samanstanda af ljósa lyklakippum og kennsluefni vegna Vináttuverkefnis. Birgðir vegna Vináttuverkefnis eru færðar niður um 30% á ári, er það talið lýsa einna best hvernig kostnaður sem lagt er í árlega tengist tekjuöflun viðkomandi árs.

***Viðskiptakröfur***

12. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að frádregnum þeim kröfum sem kunna að tapast. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru sannarlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

***Handbært fé***

13. Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en þriggja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

***Skuldbindingar***

14. Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### Rekstrarreikningur

***Rekstrartekjur***

15. Fjáröflun:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Áheitasöfnun | 118.227 | 999.468 |
| Út að borða fyrir börnin | 4.898.504 | 4.652.246 |
| Jóla- og minningarkort | 4.726.140 | 5.978.331 |
| Fjáröflunarvarningur | 402.000 | 415.567 |
| Ljósasala | 9.131.330 | 0 |
| Styrktarlínur | 2.644.500 | 3.403.000 |
| | 21.920.701 | 15.448.612 |

16. Framlög til verkefna:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Styrkir vegna einstakra verkefna | 339.064 | 1.829.612 |
| Framlög vegna einstakra verkefna | 14.734.775 | 8.691.500 |
| Framlög vegna erlendra verkefna | 10.747.049 | 502.966 |
| Samfélagsstyrkir | 40.239 | 55.432 |
| | 25.861.127 | 11.079.510 |

17. Opinber framlög:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| UTN vegna neyðaraðstoðar | 34.570.000 | 26.500.000 |
| UTN vegna þróunarsamvinnu | 3.238.320 | 0 |
| VEL rekstrarstyrkur | 8.800.000 | 6.500.000 |
| Styrkir vegna einstakra verkefna | 6.075.000 | 1.925.000 |
| | 52.683.320 | 34.925.000 |

18. Erlendir styrkir:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Styrkir frá ESB v/Inhope | 5.118.215 | 2.687.484 |
| | 5.118.215 | 2.687.484 |

19. Aðrar tekjur:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Endurgreiddur kostnaður vegna íbúðar fyrir fjölskyldur langveikra barna | 588.483 | 534.882 |
| | 588.483 | 534.882 |

| *Laun og launatengd gjöld* | 2019 | 2018 |
|---|---|---|

20. Laun og launatengd gjöld skiptast með eftirfarandi hætti:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Laun | 51.269.828 | 38.426.179 |
| Áunnið orlof | 1.809.819 | |
| Bifreiðastyrkir | 2.150.963 | 1.168.860 |
| Lífeyrissjóður | 7.320.627 | 5.572.564 |
| Tryggingagjald | 4.008.936 | 3.093.983 |
| Önnur launatengd gjöld | 941.228 | 721.578 |
| Yfirfært á verkefni | ( 67.501.401) | ( 48.983.164) |
| | 0 | 0 |
| Meðalfjöldi starfsmanna | 8 | 5 |

***Rekstrarkostnaður***

21. Innlend verkefni og starfsemi:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Vernd gegn ofbeldi | 19.747.467 | 9.147.957 |
| Málsvarahlutverk | 691.209 | 275.805 |
| Stuðningsverkefni | 387.621 | 642.959 |
| Kostnaður vegna íbúðar fyrir fjölskyldur langveikra barna | 653.400 | 603.054 |
| Ungmennaráð | 139.169 | 217.051 |
| Önnur innlend starfsemi | 364.414 | 270.996 |
| Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun | 44.431.302 | 37.961.952 |
| | 66.414.582 | 49.119.774 |

22. Erlend verkefni:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Neyðaraðstoð | 44.609.857 | 28.989.550 |
| Þróunaraðstoð | 3.610.920 | 300.000 |
| Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun | 11.962.273 | 3.551.280 |
| | 60.183.050 | 32.840.830 |

23. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:

| | | |
|---|---:|---:|
| Húsnæðiskostnaður | 5.691.651 | 3.682.814 |
| Aðkeypt bókhalds- og skrifstofuþjónusta | 3.063.632 | 5.095.264 |
| Viðhald og rekstur tölvubúnaðar | 1.515.148 | 570.256 |
| Sími, internet og póstþjónusta | 1.028.130 | 654.387 |
| Upplýsingakerfi og hugbúnaðarþjónusta | 907.725 | 812.205 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 609.600 | 359.600 |
| Prentun, ritföng, smáhlutir og gjafir | 184.032 | 110.227 |
| Tryggingar | 127.190 | 58.816 |
| Aðildargjöld alþjóðasamstarfs | 997.122 | 154.971 |
| Ferðakostnaður | 442.528 | 640.438 |
| Fundakostnaður og ráðstefnur | 633.490 | 684.049 |
| Starfsmannakostnaður | 331.485 | 188.537 |
| Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun | 5.553.913 | 3.673.737 |
| | 21.085.646 | 16.685.301 |

24. Kynningar og fjáröflunarkostnaður:

| | | |
|---|---:|---:|
| Umsýslugjald vegna innheimtu félagsgjalda og styrkja | 9.092.675 | 7.621.773 |
| Öflun félagsmanna og styrktaraðila | 7.109.394 | 7.898.815 |
| Kostnaður vegna útgáfu blaðs | 2.047.403 | 2.356.593 |
| Kostnaður vegna útgáfu jólakorta | 1.288.523 | 1.249.430 |
| Kostnaður vegna út að borða fyrir börnin | 211.327 | 46.548 |
| Kostnaður vegna áheitasöfnunar | 0 | 13.981 |
| Kostnaður vegna endursöluvara | 270.698 | 0 |
| Annar sölu-og markaðskostnaður | 14.810 | 194.432 |
| Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun | 5.553.913 | 3.796.195 |
| | 25.588.743 | 23.177.767 |

***Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)***

25. Fjármunatekjur skiptast með eftirfarandi hætti:

| | | |
|---|---:|---:|
| Gengishagnaður | 69.738 | 462.458 |
| Vaxtatekjur | 2.702.638 | 1.283.132 |
| | 2.772.376 | 1.745.590 |

26. Fjármagnsgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:

| | | |
|---|---:|---:|
| Vaxtagjöld | ( 14.895) | ( 13.788) |
| Þjónustugjöld fjármálafyrirtækja | ( 42.887) | ( 45.371) |
| Gjaldfærður fjármagnstekjuskattur | ( 194.043) | ( 78.505) |
| | ( 251.825) | ( 137.664) |

## Varanlegir rekstarfjármunir

27. Varanlegir rekstarfjármunir greinast þannig:

| **2018** | Fasteignir | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 01.01. | 6.259.500 | 432.475 | 6.691.975 |
| Heildarverð 31.12. | 6.259.500 | 432.475 | 6.691.975 |
| | | | |
| Afskrifað 01.01. | 0 | 125.000 | 125.000 |
| Afskrifað á árinu | | 125.000 | 125.000 |
| Afskrifað 31.12. | 0 | 250.000 | 250.000 |
| | | | |
| Bókfært verð 31.12. | 6.259.500 | 182.475 | 6.441.975 |

| **2019** | Fasteignir | Áhöld og tæki | Fræðsluefni | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 01.01. | 6.259.500 | 182.475 | | 6.441.975 |
| Yfirtekið við samruna við Blátt áfram | | 2.855.020 | 7.121.505 | 9.976.525 |
| Keypt á árinu | | 2.228.602 | | 2.228.602 |
| Heildarverð 31.12. | 6.259.500 | 5.266.097 | 7.121.505 | 18.647.102 |
| | | | | |
| Afskrifað 01.01. | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Yfirtekið við samruna við Blátt áfram | | 2.034.004 | 1.186.918 | 3.220.922 |
| Afskrifað á árinu | | 334.992 | 830.842 | 1.165.834 |
| Afskrifað 31.12. | 0 | 2.368.996 | 2.017.760 | 4.386.756 |
| | | | | |
| Bókfært verð 31.12. | 6.259.500 | 2.897.101 | 5.103.745 | 14.260.346 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 0% | 20% | 20% | |

Fasteignamat fasteignar samtakanna nemur 37,6 millj. kr. og brunabótamat hennar nemur 28,2 millj. kr. í lok tímabilsins. Engin veðbönd eru á fasteign samtakanna.

**Eigið fé**

28. Yfirlit um eigið fé:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Eigið fé 01.01. | 53.503.934 | 52.881.062 |
| Eigið fé Blátt áfram 1. júní 2019 | 9.398.368 | 0 |
| Leiðrétt eigið fé | ( 4.630.125) | |
| Afkoma ársins | ( 2.163.334) | 622.872 |
| Eigið fé 31.12. | 56.108.843 | 53.503.934 |

Meðal eigin fjár er óinnleystur hagnaður af eignastýringu að fjárhæð 2,3 millj. kr.